

Reykjavík 3. desember 2020

362. mál, lagafrumvarp.

Greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.

Sendandi; Bandalag íslenskra skáta

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri

Nýlega var kynnt til sögunnar stjórnarfrumvarp frá félags- og barnamálaráðherra um greiðslur til íþróttafélaga á tímum kórónaveirufaraldurs. Bandalag íslenskra skáta (BÍS) fangar þessu frumvarpi en gerir alvarlegar athugasemdir við að æskulýðsfélög skuli ekki vera inn í frumvarpinu. Íþrótt- og æskulýðsfélög koma að tómsendum barna og gegna þar mikilvægu hlutverki. Þessir aðilar starfa eftir lögum settum af alþingi er tryggja börnum gæðastarf. Með því að styðja ekki við æskulýðsstarf með sama hætti og íþróttastarf er fyrst og fremst verið að mismuna börnum sem að er örugglega ekki ætlunin með svona frumvarpi.

Frá því í haust hefur almennt skátastarf legið að mestu niðri vegna samkomubanns og samkomutakmarkana. Skátafélög hafa reynt að halda úti skátastarfi eftir fremsta megni og þá alltaf í takt við ákvörðun stjórnvalda. Gripið hefur verið til þess að bjóða upp á óhefðbundna fundi á netinu og einnig hafa verið búin til verkefni sem börnin geta unnið með foreldrum sínum. Þetta kemur aldrei í staðinn fyrir almenna skátafundi þar sem börnin hitta hvort annað og skátaforingjann sinn. Foreldrar sem hafa borgað fyrir skátastarf á haustönn hafa fengið lítið fyrir sinn snúð þetta haustið og þar sem samkomutakmarkanir tóku gildi snemma hausts átti stór hluti foreldra eftir að greiða þátttökugjöld barna. Lögð hefur verið áhersla á að börn geti haldið áfram að stunda sínar tómsundir eftir samkomutakmarkanir og ætla skátar að tryggja öllum sínum félögum öflugum og góða dagskrá eftir áramótin. Flestir sem koma að starfi með skátum vinna störf sín sem sjálfbóðaliðar en það kemur þó ekki í veg fyrir að einhverjir launaðir starfsmenn sinni störfum hjá skátafélögum. Þessir starfsmenn eru afar mikilvægir þegar kemur að samskiptum við foreldra, undirbúning skátafunda og rekstur skátafélaga.

BÍS hvetur barnamálaráðherra til að endurskoða frumvarpið og lagfæra þannig að börnum sé ekki mismunað með þessum hætti. Það á ekki að skipta máli hvort barn stundi íþróttir eða sæki æskulýðsstarf.

f.h. Bandalag íslenskra skáta

Kristinn Ólafsson

Framkvæmdastjóri

kristinn@skatar.is

8964436



Velferðarnefnd, Alþingis,
Nefndasvið, Austurstræti 8 - 10,
101 Reykjavík.

Reykjavík 9. desember 2020

Umsögn um 362. mál, frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs

Bandalag sjálfstæðra leikhúsa-SL fagnar því að stjórnvöld skuli ætla að bregðast við þeim vanda sem íþróttafélögum skapaðist samfara íþyngjandi sóttvarnaraðgerðum. Með því felst vonandi viðurkenning á rekstrarvanda almennra félagasamtaka. Sami vandi hefur gert litlum leikhúsum og atvinnuhópum í sviðslistum mjög erfitt fyrir. Ljóst er að aðgerðir á sviði sóttvarna í landinu vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar hafa haft lamandi áhrif á starfsemi þeirra. Það er því nauðsynlegt að koma til móts við þessi menningarfélög á sama hátt og íþróttafélögin þannig að þau geti hafið óbreytta starfsemi að nýju þegar faraldrinum lýkur. Reynslan hefur sýnt að þær efnahagsaðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til í því skyni að bregðast við áhrifum heimsfaraldursins hafa ekki nýst menningarfélögum nema að mjög litlu leyti.

Ástæða þess að lítil leikhús og atvinnuhópar í sviðslistum hafa ekki getað nýtt sér úrræði stjórnvalda virðist einfaldlega vera sú að þessir aðilar eru skráðir sem almenn félög og hafa ekki ótakmarkaða skattskyldu en hafa orðið fyrir algjöru tekjufalli síðan fyrstu samkomutakmarkanir voru settar á í mars sl. Í breytingum á lögum um hlutabótaleiðina, sem og í lögum um tekjufallsstyrki og frumvarpi um viðspyrnustyrki hefur félagasamtökum hvers kyns alltaf verið haldið utan við mengi þeirra sem geta þegið stuðning. Með þessu frumvarpi gefst loks tækifæri til að grípa þessa aðila sem fallið hafa milli skips og bryggju. Verði þetta tækifæri ekki nýtt er hætt við að aðilar á borð við Tjarnarbió, Gaflaraleikhúsið, Frystiklefann á Rífi, Kómediuleikhúsið og Leikhópin Lottu fari hreinlega í þrot.

Á meðan íþyngjandi sóttvarnarráðstafanir og samkomutakmarkanir eru við lýði verða þessir aðilar í mjög erfiðri stöðu. Þeir höfðu stofnað til skuldbindinga vegna verkefna sem voru á dagskrá en þurfti að stöðva vegna samkomutakmarkana. Sem dæmi má nefna að á mánaðartímabili frá miðjum mars fram í miðjan apríl voru í Tjarnarbiói 19 atvinnuleikhópar sem töpuðu tekjum að upphæð 40-50 milljónir króna. Gera má ráð fyrir að amk. 60% þeirrar upphæðar hafi átt að fara í launakostnað en 30-40% í aðrar skuldbindingar. Við þetta tap bætist svo kostnaður við að gangsetja verkefni á nýjan leik þegar samkomuhöftum verður aflétt. Verkefnin sem þessir hópar standa fyrir þarf að æfa aftur að hluta, kynna og markaðssetja á nýjan leik með tilheyrandi kostnaði, að því gefnu að allir þeir sem störfuðu við verkefnið séu tiltækir til að koma til starfa á nýjan leik og að húsnaði og búnaður sé til reiðu en slíkt er alls óvíst. Þetta hangir svo allt á því að almenningur sé farinn að treysta því að óhætt sé að sækja menningarviðburði.

Sjálfstæðir leikhópar og lítil sjálfstæð leikhús eru ekki mörg en eru þó öll í sárum vanda. Tekjur þessara aðila eru háðar miðasölu að miklu eða öllu leyti, en þær eru eðli málsins samkvæmt engar á meðan þetta ástand varir. Þessir aðilar eiga það líka sammerkt að vera ekki reknir í hagnaðarskyni.

Enginn arður er greiddur út enda er ekki neinum rekstrarafgangi til að dreifa. Allar tekjur fara beint í kostnað og er langstærsti bitinn þar launakostnaður. Það er alveg ljóst að ef þeir fá engan stuðning þá fara þeir líklega allir í þrot fyrir næsta sumar. Því fylgir vitanlega kostnaður en stærsta tapið við þá dökku sviðsmynd er að vettvangur til sýninga á sjálfstæðum sviðslistum verður þá ekki til staðar og með því er fjárfesting ráðuneytis menningarmála í þessum kvika og öflugra geira gerð að engu.

Við afgreiðslu þessa máls óskar Bandalag sjálfstæðra leikhúsa eftir því að nefndin horfi til þess að fyrri úrræði stjórnvalda vegna faraldursins hafa ekki nýst sjálfstætt starfandi listafólki sem skyldi, þar sem þau hafa ekki gilt um menningarfélög, sem ráðuneytið og skattfyrvöld hafa ráðlagt okkur að stofna utan um reksturinn. Þetta á við um lokunarstyrki, hlutabótaleiðina, tekjufallsstyrki og frumvarp um viðspyrnustyrki sem mun í óbreyttri mynd heldur ekki gagnast þessum hópum. Hér er ekki um marga aðila að ræða og upphæðirnar óverulegar í stóra samhenginu, en opinber stuðningur er nauðsynlegur eigi þessir aðilar að eiga einhverja von um að standa af sér storminn.

Breytingartillögur

Tillaga að breytingu á heiti frumvarpsins svo það inniberi lítil leikhús og atvinnuhópa í sviðslistum. Viðbót í texta er **feitiletruð**. Titill frumvarps verði svohljóðandi:

Frumvarp til laga

um greiðslur til íþróttafélaga **og menningarfélaga í sviðslistum** vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.

Tillaga að breytingu á 1. gr. til samræmis við tillögu að ofan, að auki er gert ráð fyrir því að tímarammi aðgerða þegar kemur að menningarfélögum verði útvíkkaður til að koma til móts við þann tíma sem þau hafa þurft að sæta lokunum eða verulegum höftum á starfsemi sína vegna íþyngjandi sóttvarnaaðgerða. Viðbót í texta er **feitiletruð**. 1. gr. frumvarps verði svohljóðandi:

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um tímabundnar greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga **og menningarfélaga í sviðslistum** sem hófu starfsemi fyrir 1. október 2020, fyrir **1. apríl 2020 þegar kemur að menningarfélögum í sviðslistum**, en er gert að fella tímabundið niður starfsemi, að hluta eða öllu leyti, á tímabilinu frá 1. október 2020 til og með 30. júní 2021 **eða frá 1. apríl 2020 til og með 30. júní 2021 þegar kemur að menningarfélögum í sviðslistum** vegna opinberra sóttvarnaráðstafana í tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru.

Tillaga að breytingu á 2. gr. til samræmis við tillögur að ofan. Viðbót í texta er **feitiletruð**. 2. gr. frumvarps verði svohljóðandi:

2. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að íþróttafélög **og menningarfélög í sviðslistum** geti hafið óbreytta starfsemi að nýju eftir að þeim hefur verið gert að fella niður starfsemi á tilteknu tímabili skv. 1. gr., að hluta eða öllu leyti, vegna opinberra sóttvarnaráðstafana í

tengslum við heimsfaraldur kórónuveiru. Með þessu er stefnt að því að sem minnstar raskanir verði á íþróttastarfi **og starfi sjálfstæðs atvinnufólks í sviðslistum** á Íslandi til lengri tíma litið vegna faraldursins.

Tillaga að viðbót á 3. gr., nýjum tölulið 2 sem skilgreinir frekar hvað átt er við með menningarfélagi í sviðslistum í tilliti þessa frumvarps. Auk þess viðbót við tölulið 2 (áður 3) um hvað skilgreinir launamann í tilliti þessara laga. Sú viðbót myndi vonandi ná utan um áhyggjur KSÍ um sama mál, enda mikilvægt að sjálfstætt starfandi einstaklingar séu hluti af menginu. Viðbót í texta er **feitletruð**. Úrfelling á texta er [REDACTED]. 3. gr. frumvarps verði svohljóðandi:

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Íþróttafélag*: Lögaðili innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, þ.m.t. einstakar deildir sem starfa á vegum lögaðilans.

2. *Menningarfélag í sviðslistum: Sjálfstætt starfandi atvinnuhópur í sviðslistum eða rekstraraðili sviðslistahúss sem skráður er sem almenn félagasamtök.*

3. *Launamaður*: Launamaður skv. 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. [45/1987](#) og einstaklingur sem stundar eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skv. 2. tölulið 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. [45/1987](#).

4. *Opinberar sóttvarnaráðstafanir*: Ákvarðanir ráðherra sem birtar eru á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. [19/1997](#), í því skyni að hægja á útbreiðslu heimsfaraldurs kórónuveiru.

Tillaga að breytingu á 5.-10. gr. til samræmis við tillögur að ofan. Viðbót í texta er **feitletruð**. Úrfelling á texta er [REDACTED]. 5.-10. gr. frumvarps verði svohljóðandi:

5. gr.

Greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga og menningarfélaga í sviðslistum.

Heimilt er að greiða íþróttafélagi **og menningarfélagi í sviðslistum** launakostnað að undanskildum starfstengdum fríðindum og hlunnindum, svo sem bifreiðastyrkjum, dagpeningum eða húsaleigu, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Skilyrði fyrir greiðslum eru að:

a. [REDACTED] félagi hafi verið gert að fella niður starfsemi, að hluta eða öllu leyti, vegna opinberra sóttvarnaráðstafana á tilteknu tímabili skv. 1. gr. eða vegna ákvarðana sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands eða sérsambanda innan vébanda þess sem teknar eru í ljósi fyrrnefndra sóttvarnaráðstafana,

b. launamaður hafi ekki getað sinnt starfi sínu með hefðbundnum hætti fyrir hlutaðeigandi [REDACTED] félag á því tímabili sem félaginu hafi verið gert að fella niður starfsemi, sbr. a-lið,

c. Önnur atvik hafi ekki staðið í vegi fyrir því að launamaður hafi getað sinnt starfi sínu með hefðbundnum hætti fyrir hlutaðeigandi [REDACTED] félag á því tímabili sem félaginu hafi verið gert að fella niður starfsemi, sbr. a-lið, og

d. [REDACTED] félag hafi sannanlega greitt launamanni laun á því tímabili sem félaginu hafi verið gert að fella niður starfsemi, sbr. a-lið.

6. gr.

Fjárhæð greiðslna.

Greiðsla til [REDACTED] félags skal vera jafnhá launagreiðslum til launamanna á því tímabili sem [REDACTED] félagi hefur verið gert að fella niður starfsemi, að hluta eða öllu leyti, vegna opinberra sóttvarnaráðstafana, sbr. a-lið 2. mgr. 5. gr. Greiðsla getur þó ekki orðið hærri en 500.000 kr. á mánuði fyrir hvern launamann þar sem miðað er við almanaxsmánuð, en hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil.

7. gr.

Umsókn um greiðslur.

Í umsókn um greiðslu skal tilgreina þá launamenn sem sótt er um greiðslu fyrir, starfssvið þeirra og þá daga sem þeir gátu ekki sinnt starfi sínu með hefðbundnum hætti fyrir hlutaðeigandi [REDACTED] félag á því tímabili sem félaginu var gert að fella niður starfsemi vegna opinberra sóttvarnaráðstafana. Umsókn skal vera skrifleg og henni skulu fylgja fullnægjandi gögn og upplýsingar að mati Vinnumálastofnunar svo að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort skilyrði laganna fyrir greiðslu séu uppfyllt, svo sem launaseðlar og staðfestingar á greiðslu launa sem og upplýsingar um ástæður þess að hlutaðeigandi [REDACTED] félag hafi verið gert að fella tímabundið niður starfsemi sína, að hve miklu leyti starfsemi hafi verið felld niður og í hve langan tíma.

Umsóknir skulu afgreiddar þegar allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn hafa borist. Vinnumálastofnun er heimilt að synja um greiðslu hafi nauðsynlegar upplýsingar og gögn ekki borist innan 45 daga frá þeim degi er umsókn um greiðslu barst stofnuninni.

Umsóknir um greiðslur samkvæmt lögum þessum skulu berast Vinnumálastofnun fyrir 30. september 2021. Hafi umsókn ekki borist fyrir þann tíma fellur réttur til greiðslu niður.

8. gr.

Heimild til öflunar og vinnslu upplýsinga.

Vinnumálastofnun er heimil öflun og vinnsla upplýsinga frá ríkisskattstjóra, embætti landlæknis, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, hlutaðeigandi íþróttafélögum, **menningarfélögum** og sveitarfélögum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framfylgja lögum þessum og ber framangreindum aðilum að veita stofnuninni þær upplýsingar sem hún óskar eftir, enda búi þeir yfir þeim. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá launamönnum sem hafa ekki getað sinnt störfum sínum vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Við afgreiðslu umsóknar eða við endurskoðun ákvörðunar um umsókn getur Vinnumálastofnun óskað eftir því að [REDACTED]félag sýni með rökstuðningi og gögnum fram á rétt sinn til greiðslu samkvæmt lögum þessum. Vinnumálastofnun getur leitað umsagnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, þess ráðherra sem fer með málefni sóttvarna sem og þess ráðherra sem fer með málefni íþróttar **og þess ráðherra sem fer með málefni menningarmála** um vafaatriði sem lúta að skilyrðum laganna, eins og við á.

9. gr.

Ósamrýmanlegar greiðslur.

Ekki skal koma til greiðslna samkvæmt lögum þessum fái [REDACTED]félag greiðslur vegna launakostnaðar á grundvelli annarra úrræða á sama tímabili, svo sem á grundvelli laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir eða á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

10. gr.

Ofgreiðslur.

[REDACTED]Félag sem lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar um það sem kann að hafa áhrif á rétt þess samkvæmt lögum þessum á ekki rétt á greiðslu.


Hafi [REDACTED]félag fengið hærri greiðslur en það átti rétt á eða fengið greiðslur fyrir tímabil þar sem skilyrði laganna voru ekki uppfyllt ber því að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Ákvarðanir Vinnumálastofnunar um endurkröfu á ofgreiðslum til íþróttafélaga **og menningarfélaga í sviðslistum** eru aðfararhæfar.

Ekki eru gerðar frekari breytingartillögur við frumvarpið.

Að lokum vil ég þakka fyrir tækifærið til að hitta nefndina að máli og fylgja umsögn þessari eftir.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Bandalags sjálfstæðra leikhúsa-SL,
Orri Huginn Ágústsson
formaður



Alþingi
b/t Velferðarnefnd

Reykjavík 9. desember 2020

Efni: Umsögn við frumvarp um tímabundnar greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga og fl.

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) fagnar meginefni frumvarpsins sem felst í því að koma til móts við íþróttahreyfinguna vegna íþyngjandi launakostnaðar á tímum Covid.

HSÍ vil þó koma á framfæri þeirri athugasemd að frumvarpið er einskorðað við skilgreiningu á launamanni eins og þeir eru skilgreindir skv. 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. [45/1987](#).

Starfsmenn íþróttafélaga innan HSÍ eru ýmist launþegar eða verktakar. Segja má að um 80-85% af öllum starfsmönnum íþróttafélaga fá greitt sem verktakar. Skýringin á því er sú að störf hjá íþróttafélögum er hlutastarf t.d. þjálfarar í yngriflokkum sem jafngildir 10% -20% starfshlutfalli. Starfsmenn eru í flest öllum tilfellum í fullu starfi hjá öðrum vinnuveitendum og greiðslur til hvers og eins vegna hlutastarfa eru því ekki háar.

Til að fyrirbyggja misskilning skal það tekið fram að allar greiðslur eru gefnar upp til skatts svo málið getur ekki snúist um skil á skattgreiðslum.

Með því að einskorða endurgreiðslur við launþega þá er hætt á að misræmi verði í endurgreiðslum til íþróttafélaga. Mikilvægt er að sömu reglur gildi um endurgreiðslur gagnvart öllum félögum og innbyrðis inni í félögum svo að tryggt sé að allir fái jafnar greiðslur. Sú hugmynd að styrkir komi í gegnum önnur úrræði tryggir ekki jafnræði og óvíst er hvort unnt er að áætla tekjutap íþróttafélaga svo nákvæmlega að allir verði jafnir.

Þess er óskað að nefndin taki tillit til þessara athugasemda og frumvarpinu breytt með þeim hætti að lögin nái einnig til þeirra sem fá greitt sem verktakar.

Þá vill HSÍ þakka þingmönnum fyrir þann skilning og einhug sem þeir hafa sýnt ekki bara HSÍ heldur allri íþróttahreyfingunni við þessar sérstöku aðstæður.

Virðingarfyllst,



Guðmundur B. Ólafsson, formaður.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





**Velferðarnefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis**

Reykjavík, 10. desember 2020

Varðar: Frumvarp til laga um launagreiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveiru-faraldurs, 362. mál

Vísað er til tölvupósts frá Velferðarnefndar Alþingis, dags. 4. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn ÍSÍ á ofangreindu frumvarpi til laga.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnar framkomnu frumvarpi enda afar miklir hagsmunir í húfi fyrir íþróttahreyfinguna í landinu. Það er gríðarlega mikilvægt, ekki síst í þeim aðstæðum sem nú eru uppi, að íþróttastarfið nái að halda áfram af sama krafti og áður þegar sóttvarnaráðstöfunum verður aflétt. Til að það geti orðið að veruleika þarf stuðningur frá ríkinu að koma til og framkomið frumvarp er mikilvægur hlekkur í þeirri vegferð.

Íþróttahreyfingin stóð frammi fyrir fjöldauppsögnum starfsmanna þegar fregnir bárust af stuðningi ríkisins í formi launagreiðslna og urðu þær fréttir til þess að fyrirhuguðum uppsögnum var frestað og vonandi forðað. Ef til uppsagna hefði komið þá hefði hreyfingin glatað mikilvægu starfsfólki og verið mun verr í stakk búið að mæta þörfum iðkenda þegar keyra þarf upp starfið í fullan gang að nýju.

Frumvarpið nær eingöngu til launþega en ekki til sjálfstætt starfandi aðila í íþróttahreyfingunni.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands telur að út frá jafnræðissjónarmiðum sé heppilegra að frumvarpið nái einnig til sjálfstætt starfandi aðila í íþróttahreyfingunni þar sem laun og greiðslur til sjálfstætt starfandi aðila eru mjög mismunandi á milli félaga allt frá því að vera hátt í 100% laun og 0% greiðslur til sjálfstætt starfandi og öfugt og allt þar á milli. Því væri jafnræðis best gætt með því að sömu reglur giltu um hvoru tveggja.

Þá er rétt að benda á að margir hafa stoppað við texta í greinargerð sem segir um 5. grein:

„Er þannig gert ráð fyrir að aðeins geti komið til greiðslna vegna þeirra launamanna sem koma beint að íþróttastarfi sem fellt hefur verið tímabundið niður, svo sem íþróttafólks og þjálfara sem eru á launaskrá hjá hlutaðeigandi íþróttafélagi. Er því ekki er gert ráð fyrir að til greiðslna geti komið vegna annarra starfsmanna en þeirra sem koma að umræddu íþróttastarfi, enda geti slíkir starfsmenn sinnt starfi sínu með hefðbundnum hætti þrátt fyrir opinberar sóttvarnaráðstafanir en hér er m.a. átt við starfsfólk á skrifstofu íþróttafélags.“

Einhverjir hafa skilið þessa skýringu þannig að skilja eigi mjög þröngt hvaða störf innan íþróttahreyfingarinnar falla undir skilgreiningu 5. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að það sé skýrt að öll störf innan íþróttafélaga snúast um æfingar og keppni í íþróttum. Það sem





skiptir máli varðandi efni þessa frumvarps er að undanskilja þá sem hafa verkefni til að vinna þó að æfingar og keppni liggja niðri. Störf á skrifstofu geta t.d. lagst af þegar lokað er fyrir æfingar og keppni t.d. þau sem lúta rekstri afreksflokka og umsjón með starfi yngri flokka.

ÍSí vill því áréttta að nauðsynlegt er að frumvarpið nái yfir allt starfsfólk íþróttahreyfingarinnar sem æfinga- og keppnistakmarkanir hafa áhrif á.

Ef nánari upplýsinga eða skýringa er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

**Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri





Reykjavík, 4. desember 2020

Velferðarnefnd Alþingis

Erindi: Umsögn við Þingskjal 454 – 362. mál.

Athugasemdir við frumvarp um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.

Forysta KFUM og KFUK fagnar þeim skilningi sem stjórnvöld hafa á alvarlegri stöðu íþróttá- og æskulýðsstarfs á tímum kórónuveirufaraldurs og þeim vilja sem felst efnislega í frumvarpinu til að létta þar undir. Hinsvegar gerum við alvarlegar athugasemdir við frumvarpið því við teljum það mismuna skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi í landinu.

Þó svo að Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands sé stór aðili, þá heyrir einnig undir málaflokkinn skipulagt æskulýðsstarf sem ekki er flokkast sem íþróttastarf, þ.á.m. skátahreyfingin, KFUM og KFUK, hluti af starfi UMFÍ, Skáksambandið og LUF. Þetta eru aðilar sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og gera samning þess eðlis við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Frumvarpið snýr eingöngu að þörfum íþróttahreyfingarinnar. Æskulýðsstarfið sem ekki heyrir undir Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, er skilið eftir úti í kuldinum. Í því fellst mismunun á skipulögðu og viðurkenndu æskulýðsstarfi eftir því hvort það starfi undir formerkjum íþróttá eða ekki.

Það er fullt af börnum sem finna sig ekki í íþróttunum en finna sig í skátastarfi, í starfi KFUM og KFUK og sambærilegu skipulögðu æskulýðsstarfi. Með frumvarpinu er verið að senda þau skilaboð út í samfélagið að æskulýðsstarf þessara barna eigi ekki að búa við sömu tækifæri og íþróttastarfið til að komast í gegnum kófið.

Við í KFUM og KFUK erum að kljást við sömu áskoranir og íþróttafélögin vegna Covid-19, þ.m.t. niðurfellingar á starfsemi og viðburðum, launaskuldbindingar gagnvart starfsfólki, tekjufall o.s.frv. Við förum einfaldlega fram á að stjórnvöld gefi okkur sömu tækifæri og þau ætla að gefa íþróttafélögunum til að sækja um stuðning til að komast í gegnum þetta krefjandi ástand.

Því vil ég hér formlega, fyrir hönd KFUM og KFUK, óska eftir að frumvarpið verði lagað og leiðrétt í meðferð nefndarinnar, svo það nái einnig til fyrrgreindra æskulýðshreyfinga sem ekki heyrir undir Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands.

Virðingarfyllst

Tómas Torfason
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK á Íslandi
tomas@kfum.is / Sími 896 3199

Vegna frumvarps til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs. Frumvarpið er lagt fram af félags- og barnamálaráðherra.

Frumvarp þetta er lagt fram á grundvelli yfirlýsingar félags- og barnamálaráðherra og menntamálaráðherra þann 31. október 2020. Umræða um málið hafði farið fram daginn áður í ríkisstjórn, sem samkvæmt yfirlýsingu ráðherranna, hafði samþykkt meginefnið sem yfirlýsingin gekk út á.

Í 2. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir hvað launamaður er í skilningi frumvarpsins, þ.e. launamaður er skilgreindur samkvæmt 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Hér vantar algerlega að tekið sé tillit til þeirra sem eru með verktakagreiðslur en ber að reikna sér endurgjald sbr. 6. gr. sömu laga. Þessi aðilar eru með tekjur við íþróttafélögin, geta verið íþróttamenn, þjálfarar eða aðrir „starfsmenn“ til að keðjan virki alla leið. Þessir aðilar eru með samninga við íþróttafélögin, sem þannig eru skuldbundin við verktakann og samkvæmt frumvarpinu hefur enga möguleika að standa við þær skuldbindingar vegna þeirra takmarkana sem fyrir liggja í frumvarpi þessu.

Varðandi umfjöllun í greinagerð með frumvarpinu um fyrirmyndarfélag innan íþróttahreyfingarinnar, skal bent á að þessi yfirlýsing kemur þvert á yfirlýsingar ráðherra um stuðning við verktaka. Hér væri nær að hafa einhverja aðlögun að því þannig að t.d fyrir 31. janúar 2021 falli niður tilgreindar greiðslur til verktaka sem þá gefur félögunum tíma til að umbreyta samningum sínum, sem eru í fullu gildi, en eru í uppnámi vegna þessa frumvarps. Þessi umfjöllun fer þvert á þær væntingar sem ráðherrar gáfu með yfirlýsingu sinni 31. október sl.

Innan knattspyrnuhreyfingarinnar eru þeir aðilar sem geta ekki nýtt sér þau úrræði sem hér er boðað, nálæga 70% þeirra „starfsmanna“ sem koma að íþróttaiðkun, þjálfun eða önnur störf. Það er ekki í samræmi við yfirlýsingar ráðherra. Starfsmenn íþróttafélaga er gjarnan í hlutastörfum og gjarnan tímabundin staða.

Yfirlýsing ráðherranna gekk út á „að ráðist verði í aðgerðir til að koma til móts við íþrótt- og æskulýðsfélögum landsins vegna þeirrar röskunar sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á starf þeirra.“ Þá er vikið að einstöku þáttum um styrkveitinguna en í yfirlýsingunni segir: „Í aðgerðum stjórnvalda verður stefnt á að útvíkka úrræði Vinnuálastofnunar þannig að tryggt verði að í þeim tilvikum sem íþróttafélagi eða samstarfsaðilum ÍSí er gert að láta af starfsemi sinni vegna sóttvarna geti félagið sótt um styrki vegna launagreiðslna til starfsmanna sem ekki geta sinnt starfi sínu á því tímabili sem sóttvarnaaðgerðir standa yfir enda hafi önnur úrræði stjórnvalda ekki gagnast í þessum tilgangi. Einnig verði þessum aðilum gert kleift að sækja um styrki vegna verktakakostnaðar af sömu ástæðum. [...] Þá verður íþrótt- og æskulýðsfélögum, ásamt sambandsaðilum ÍSí, gert kleift að sækja um sérstaka styrki vegna tekjufalls á tímabilinu 1. júní sl. til 1. október sl. Einnig verður þessum aðilum gert kleift að sækja um styrki vegna verktakakostnaðar frá 1. október sl. og þar til starfsemi hreyfingarinnar kemst í eðlilegt horf.“

Í yfirlýsingu ráðherranna kemur tvisvar sinnum fram, að gert verði ráð fyrir því að ekki einungis launamenn fá styrki heldur er beinlínis vísað til þess að verktakar muni sitja við sama borð. Það vekur því undrun að ekki sé neitt að finna um verktaka í frumvarpinu sem lagt er fyrir þingið. Er inntak þessara yfirlýsingar endurtekið í 2. kafla greinargerðarinnar með frumvarpinu.

Í yfirlýsingu ráðherranna er vísað til mikilvægis þátttöku barna í og unglunga í íþróttastarfi. Til að þessi eftirspurn sé til staðar innan íþróttahreyfingarinnar þurfa að vera til staðar afreksfólk sem er fyrirmynd unga fólksins. Án fyrirmynda verður lítil þróun. Sú staða að verktakar fái greiðslur frá íþróttafélögum er engin nýlunda. Umræða hefur verið innan hreyfingarinnar að í mörgum tilvikum væri það heppilegra að vera með launamenn en ekki verktaka. Hér skiptir og máli að þrátt fyrir að æskilegt sé að hafa eina leið, þá þarf það ekki að útiloka aðra leið. Er mikilvægt að þeir sem eru verktakar, geti í einhverjum tilvikum verið að hafa tekjur frá fleiri en einum aðila, rekið sig sem verktaka og skilað reiknuðu endurgjaldi líkt og tíðkast. Í öðrum tilvikum er þetta einfaldara, þar sem aðili getur breytt greiðslum sínum úr verktakagreiðslum í launamann. Hér kann að koma til ákveðin kostnaðarauki til að tryggja aðilanum sambærilega framfærslu, en vegna verktöku, getur aðili haft mögulegan frádrátt, sem fellur út sem launamaður. Þetta verður þó að hugsa í því samhengi að framkvæmdin er vel gerleg, en það er erfitt að horfa upp á það sem vísað er til í að verði megin inntak frumvarpsins er kastað fyrir róða og í engu sinnt.

Þá er sérstakt að hlunnindi sem íþróttafélag greiðir til sinna starfsmanna, svo sem bifreiðastyrkur og annað sem sannanlega er hluti launa skuli ekki vera bætt, en fram til þessa hafa greiðslur af þessum toga verið fært sem laun og greiða aðilar skatt af þeim launum. Fyrir því margir staðfestir úrskurðir Skattsins í þeim efnun.

Telja verður nauðsynlegt til að þetta frumvarp nýtist sem varnaraðgerð fyrir íþróttafélögin að skilgreint verði í 2. gr. frumvarpsins að með launamanni verði jafnframt vísað til verktaka, sem þiggja greiðslur frá íþróttafélagi með reglubundnum hætti.

Breyting ákvæðisins 2. gr. gæti verið:

Launamaður: Almennar launagreiðslur og greiðslur til sjálfstætt starfandi starfsmanna sem fá greitt samkvæmt útgefnum reikningi.

Að lokum vill KSÍ virðingarfyllst hvetja löggjafann til þess að finna leiðir til þess að styðja við íþróttahreyfinguna með því að taka tillit til þess rekstrarforms sem að er ríkjandi innan hennar með verktakagreiðslum. Starfsmenn íþróttafélaga eru oftast en ekki í hlutastarfi og það hefur talist vera til hagræðingar að vera með þá starfsmenn, bæði þjálfara og leikmenn á verktakasamningum.

Við vonum innilega að unnt verði að koma til móts við knattspyrnu- og íþróttahreyfinguna hvað þetta varðar.

Reykjavík 3.12.2020

Virðingarfyllst f.h. KSÍ



Guðni Bergsson
Formaður KSÍ

Umsögn vegna frumvarps til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldursins.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs. Frumvarpið er lagt fram af félags- og barnamálaráðherra.

Frumvarp þetta er lagt fram á grundvelli yfirlýsingar félags- og barnamálaráðherra og menntamálaráðherra þann 31. október 2020. Umræða um málið hafði farið fram daginn áður í ríkisstjórn, sem samkvæmt yfirlýsingu ráðherranna, hafði samþykkt meginefnið sem yfirlýsingin gekk út á.

Í 3. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir hvað launamaður er í skilningi frumvarpsins, þ.e. launamaður er skilgreindur samkvæmt 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Hér vantar algerlega að tekið sé tillit til þeirra sem eru með verktakagreiðslur en ber að reikna sér endurgjald sbr. 6. gr. sömu laga. Þessi aðilar eru með tekjur við íþróttafélögin, geta verið íþróttamenn, þjálfarar eða aðrir „starfsmenn“ til að keðjan virki alla leið. Þessir aðilar eru með samninga við íþróttafélögin, sem þannig eru skuldbundin við verktakann og samkvæmt frumvarpinu hefur enga möguleika að standa við þær skuldbindingar vegna þeirra takmarkana sem fyrir liggja í frumvarpi þessu.

Varðandi umfjöllun í greinagerð með frumvarpinu um fyrirmyndarfélag innan íþróttahreyfingarinnar, skal bent á að þessi yfirlýsing kemur þvert á yfirlýsingar ráðherra um stuðning við verktaka. Hér væri nær að hafa einhverja aðlögun að því þannig að t.d fyrir 31. janúar 2021 falli niður tilgreindar greiðslur til verktaka sem þá gefur félögunum tíma til að umbreyta samningum sínum, sem eru í fullu gildi, en eru í uppnámi vegna þessa frumvarps. Þessi umfjöllun fer þvert á þær væntingar sem ráðherrar gáfu með yfirlýsingu sinni 31. október sl.

Innan knattspyrnuhreyfingarinnar eru þeir aðilar sem geta ekki nýtt sér þau úrræði sem hér er boðað, nálæga 70% þeirra „starfsmanna“ sem koma að íþróttaiðkun, þjálfun eða önnur störf. Það er ekki í samræmi við yfirlýsingar ráðherra. Starfsmenn íþróttafélaga er gjarnan í hlutastörfum og gjarnan tímabundin staða.

Yfirlýsing ráðherranna gekk út á „að ráðist verði í aðgerðir til að koma til móts við íþrótt- og æskulýðsfélögum landsins vegna þeirrar röskunar sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á starf þeirra.“ Þá er vikið að einstöku þáttum um styrkveitinguna en í yfirlýsingunni segir: „Í aðgerðum stjórnvalda verður stefnt á að útvíkka úrræði Vinnuálastofnunar þannig að tryggt verði að í þeim tilvikum sem íþróttafélagi eða samstarfsaðilum ÍSí er gert að láta af starfsemi sinni vegna sóttvarna geti félagið sótt um styrki vegna launagreiðslna til starfsmanna sem ekki geta sinnt starfi sínu á því tímabili sem sóttvarnaaðgerðir standa yfir enda hafi önnur úrræði stjórnvalda ekki gagnast í þessum tilgangi. Einnig verði þessum aðilum gert kleift að sækja um styrki vegna verktakakostnaðar af sömu ástæðum. [...] Þá verður íþrótt- og æskulýðsfélögum, ásamt sambandsaðilum ÍSí, gert kleift að sækja um sérstaka styrki vegna tekjufalls á tímabilinu 1. júní sl. til 1. október sl. Einnig verður þessum aðilum gert kleift að sækja um styrki vegna verktakakostnaðar frá 1. október sl. og þar til starfsemi hreyfingarinnar kemst í eðlilegt horf.“

Í yfirlýsingu ráðherranna kemur tvisvar sinnum fram, að gert verði ráð fyrir því að ekki einungis launamenn fá styrki heldur er beinlínis vísað til þess að verktakar muni sitja við sama borð. Það vekur því undrun að ekki sé neitt að finna um verktaka í frumvarpinu sem lagt er fyrir þingið. Er inntak þessara yfirlýsingar endurtekið í 2. kafla greinagerðarinnar með frumvarpinu.

Í yfirlýsingu ráðherranna er vísað til mikilvægis þátttöku barna í og unglunga í íþróttastarfi. Til að þessi eftirspurn sé til staðar innan íþróttahreyfingarinnar þurfa að vera til staðar afreksfólk sem er fyrirmynd unga fólksins. Án fyrirmynda verður lítil þróun. Sú staða að verktakar fái greiðslur frá íþróttafélögum er engin nýlunda. Umræða hefur verið innan hreyfingarinnar að í mörgum tilvikum væri það heppilegra að vera með launamenn en ekki verktaka. Hér skiptir og máli að þrátt fyrir að æskilegt sé að hafa eina leið, þá þarf það ekki að útiloka aðra leið. Er mikilvægt að þeir sem eru verktakar, geti í einhverjum tilvikum verið að hafa tekjur frá fleiri en einum aðila, rekið sig sem verktaka og skilað reiknuðu endurgjaldi líkt og tíðkast. Í öðrum tilvikum er þetta einfaldara, þar sem aðili getur breytt greiðslum sínum úr verktakagreiðslum í launamann. Hér kann að koma til ákveðin kostnaðarauki til að tryggja aðilanum sambærilega framfærslu, en vegna verktöku, getur aðili haft mögulegan frádrátt, sem fellur út sem launamaður. Þetta verður þó að hugsa í því samhengi að framkvæmdin er vel gerleg, en það er erfitt að horfa upp á það sem vísað er til í að verði megin inntak frumvarpsins er kastað fyrir róða og í engu sinnt.

Þá er sérstakt að hlunnindi sem íþróttafélag greiðir til sinna starfsmanna, svo sem bifreiðastyrkur og annað sem sannanlega er hluti launa skuli ekki vera bætt, en fram til þessa hafa greiðslur af þessum toga verið fært sem laun og greiða aðilar skatt af þeim launum. Fyrir því margir staðfestir úrskurðir Skattsins í þeim efnum.

Telja verður nauðsynlegt til að þetta frumvarp nýtist sem varnaraðgerð fyrir íþróttafélögin að skilgreint verði í 3. gr. frumvarpsins að með launamanni verði jafnframt vísað til verktaka, sem þiggja greiðslur frá íþróttafélagi með reglubundnum hætti.

Breyting ákvæðisins 3. gr. gæti verið:

Launamaður: Almennar launagreiðslur og greiðslur til sjálfstætt starfandi starfsmanna sem fá greitt samkvæmt útgefnum reikningi.

Að lokum vill KSÍ virðingarfyllst hvetja löggjafann til þess að finna leiðir til þess að styðja við íþróttahreyfinguna með því að taka tillit til þess rekstrarforms sem að er ríkjandi innan hennar með verktakagreiðslum. Starfsmenn íþróttafélaga eru oftast en ekki í hlutastarfi og það hefur talist vera til hagræðingar að vera með þá starfsmenn, bæði þjálfara og leikmenn á verktakasamningum.

Þessir samningar við starfsmenn ná oft einungis yfir hluta úr ári eða yfir undirbúnings- og keppnistímabil. Það er því ákveðið hagræði að vera með verktakasamninga og skapar íþróttafélögum nauðsynlega sveigjanleika í þeirra starfsemi. Það er ljóst að ef löggjafinn vill ná fram markmiðum félagsmálaráðherra og fyrirliggjandi frumvarps þá þurfa þessi úrræði að ná til verktakagreiðslna. Ef ekki þá er hætt við að íþróttafélögum gæti verið mismunað eftir því hvernig þessum málum er háttað. Þessi úrræði er einungis tímabundin og mikilvægt að þau virki sem skyldi og því nauðsynlegt að þau nái til verktaka.

Við vonum innilega að unnt verði að koma til móts við knattspyrnu- og íþróttahreyfinguna hvað þetta varðar.

Reykjavík 10.12.2020

Virðingarfyllst f.h. KSÍ



Guðni Bergsson
Formaður KSÍ



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

Reykjavík, 10. desember 2020

Velferðarnefnd Alþingis Helga Vala Helgadóttir formaður

.....
Efni: 362. mál - Greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.

Umsögn frá Körfuknattleikssambandi Íslands – KKÍ, kt.710169-1369

Körfuknattleikssamband Íslands KKÍ þakkar af heilum hug og fagnar meginefni frumvarpsins sem lagt er fram til að koma til móts við íþróttahreyfinguna vegna íþyngjandi launakostnaðar á tímum Covid-19.

KKÍ vill koma á framfæri þeirri athugasemd að frumvarpið er einskorðað við skilgreiningu á launamanni eins og þeir eru skilgreindir skv. 1. tölul. 4. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Starfsmenn íþróttafélaga innan KKÍ eru ýmist launþegar eða verktakar. Segja má að um 75-80% af öllum starfsmönnum íþróttafélaga sem iðka körfuknattleik fái greitt sem verktakar. Skýringin á því er sú að störf hjá íþróttafélögum er hlutastarf t.d. þjálfarar í yngri flokkum sem og meistaraflokkum, dómara eða leikmenn. Starfsmenn körfuknattleiksfélaga eru í mörgum tilfellum í fullu starfi hjá öðrum vinnuveitendum og greiðslur til hvers og eins vegna hlutastarfa eru því í flestum tilfellum ekki háar.

Til að fyrirbyggja misskilning skal það tekið skýrt fram að allar greiðslur eru gefnar upp til skatts svo málið getur ekki snúist um skil á skattgreiðslum.

Með því að einskorða endurgreiðslur við launþega þá er hætta á að misræmi verði í endurgreiðslum til íþróttafélaga. Mikilvægt er að sömu reglur gildi um endurgreiðslur gagnvart öllum félögum svo að tryggt sé að allir fái jafnar greiðslur. Sú hugmynd að styrkir komi í gegnum önnur úrræði tryggir ekki jafnræði og óvíst er hvort unnt er að áætla tekjutap íþróttafélaga svo nákvæmlega að allir verði jafnir.

KKÍ þakkar þingmönnum allra flokka fyrir góðan skilning og gott samtarf við KKÍ og íþróttahreyfinguna á þessum afar sérstökum tímum sem við lifum núna vegna COVID-19 heimsfaraldursins.

Þess er óskað að nefndin taki tillit til þessara athugasemda.

Virðingarfyllt,

Hannes S. Jónsson Formaður KKÍ





Reykjavík 11. des. 2020

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs. Þskj. 454 - 362. mál.

Landssamband hestamannafélaga (LH) fagnar því að ríkisstjórnin komi til móts við íþróttahreyfinguna vegna tjóns sem íþróttafélög hafa orðið fyrir vegna heimsfaraldursins.

LH gerir athugasemdir við að aðeins geti komið til greiðslna vegna launagreiðslna til launamanna en ekki vegna greiðslna íþróttafélaga til verktaka vegna vinnu í þágu félagsins.

Hjá félögum innan LH eru starfsmenn, svo sem þjálfarar, oftast ekki í hlutastarfi og hefur það talist vera til hagræðingar fyrir þá starfsmenn að vera á verktakasamningum frekar en launþegasamningum. Verktakasamningar féllu ekki undir hlutabótaleið stjórnvalda á meðan íþróttahreyfingunni stóð sú leið til boða.

Í yfirlýsingu ráðherra dags. 31. okt. sl. segir:

„Í aðgerðum stjórnvalda verður stefnt á að útvíkka úrræði Vinnumálastofnunar þannig að tryggt verði að í þeim tilvikum sem íþróttafélagi eða samstarfsaðilum ÍSí er gert að láta af starfsemi sinni vegna sóttvarna geti félagið sótt um styrki vegna launagreiðslna til starfsmanna sem ekki geta sinnt starfi sínu á því því tímabili sem sóttvarnaaðgerðir standa yfir enda hafi önnur úrræði stjórnvalda ekki gagnast í þessum tilgangi. **Einnig verði þessum aðilum gert kleift að sækja um styrki vegna verktakakostnaðar af sömu ástæðum.**“

Það er því mikil vonbrigði að ekki sé neitt að finna um verktaka í frumvarpinu og gengur það þvert á yfirlýsingu ráðherra 31. okt. sl. og kynningu sem ráðherra hélt fyrir íþróttahreyfinguna sama dag.

F.h. Landssambands hestamannafélaga

Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 11. desember 2020

Velferðarnefnd Alþingis
nefundasvid@althingi.is

Efni: Umsögn við frumvarp um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldursins –151. lögjafarþingi 2020-2021 - 362. mál.

UMFÍ fagnar því hversu vel stjórnvöld hafa brugðist við afar aðsteðjandi vanda íþróttafélaga í COVID-faraldrinum sem skekið hefur heimsbyggðina. Frumvarpið er góður stuðningur við starfið. En eins og í öllum leikjum þarf að gera betur til að koma andstæðingnum niður og standa samt sjálfur uppi. Það sama gildir um frumvarpið.

Gagnsætt ferli sem mætir þörfum félaganna

UMFÍ vekur athygli á nokkrum atriðum sem lúta að þessari gerð frumvarpsins.

1. Þegar frumvarpið var lagt fram kom fram í samræmi við fréttatilkynningu um samþykkt ríkisstjórnar hinn 30. október sl. að gert væri ráð fyrir fjármagni bæði til að koma til móts við kostnað vegna launþega og verktaka hjá félögunum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir greiðslum til launþega. En fram kom í máli ráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar, þegar mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi, að gert væri ráð fyrir að greiðslur til verktaka færu í gegnum menntamálaráðuneytið og til úthlutunar í gegnum sérstakt úthlutunarferli. Það er afar mikilvægt að gert sé ráð fyrir greiðslum til félaganna bæði vegna kostnaðar við launþega og verktaka enda tíðkast báðar tegundir greiðslna innan hreyfingarinnar, eftir eðli þjónustunnar sem er veitt. Úrlausn fyrir félögin þarf því að mæta báðum þessum hópum og uppfylla þar með þarfir félaganna. UMFÍ mælir eindregið með því að félögin geti sótt um slíkar greiðslur á einum stað. Það tryggir gagnsæi, jafnræði milli greiðsluforma og ekki síst þá einfaldar það verkefnið fyrir félögin að sækja um á einum stað. UMFÍ telur mjög mikilvægt að greiðslur til verktaka falli einnig undir frumvarpið og lúti sambærilegum skilyrðum og gilda munu um greiðslur til launþega.
2. Þá er gert ráð fyrir í frumvarpinu að tímabundnar greiðslur vegna launakostnaðar íþróttafélaga séu til 30. júní 2021. Það er ánægjulegt að gildistími sé fram á næsta vor, það skapar fyrirsjáanleika. Að sama skapi gætu þá myndast aðstæður sem væru óheppilegar fyrir félögin ef ekki gilda sambærilegar reglur um greiðslur til verktaka.
3. Mörg félög hafa samið við starfsfólk sitt – bæði launþega og verktaka – um skerðingu á launum vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins. Eðlilegt er í þeim tilvikum verði heimilt að miða við að hámark greiðslu geti miðast við 80% af óskertri launagreiðslu eins og hún var fyrir skerðingu eða lækkun launa viðkomandi.
4. Í frumvarpinu kemur fram að greiðsla geti ekki orðið hærrí en 500.000 kr. á mánuði fyrir hvern launamann þar sem miðað er við almanaksmánuð, en hlutfallslega lægri fyrir styttra tímabil. Mikilvægt

er að upphæðin verði skýrð nánar og muni verða betur gerð grein fyrir því hvort í 500.000 krónum – eða þeirri upphæð sem miðað er við – innihaldi launatengd gjöld eður ei. Sömuleiðis er mikilvægt að sömu forsendur séu nýttar, þ.e. varðandi heildargreiðslur til félaganna vegna verktakagreiðslna og launþega.

5. Benda má á að mögulegt er að sækja upplýsingar um launa- og verktakagreiðslur í gagnagrunn skattsins á grundvelli ÍSAT-númera, sé þess þörf, við mat á launagreiðslum.
6. Mikilvægt er að ótvírætt verði að úrræði samkvæmt frumvarpinu verði ekki skilgreind þröngt þar sem aðrir starfsmenn félaga sem beint starfa við æfinga- og mótahald þurfa að falla undir gildissvið frumvarpsins. Þetta á sérstaklega við þá starfsmenn sem beinlínis skipuleggja, undirbúa, og eru lykilaðilar í framkvæmd æfinga, móta og leikja, ekki síst þegar sóttvarnarráðstafanir hafa tekið sífellt meiri tíma.

Hverjir geta sótt um?

Við vekjum athygli á því að miðað við núverandi frumvarp það sem hér er um fjallað er ekki gert ráð fyrir því að æskulýðsfélög geti hlotið stuðning vegna neikvæðra afleiðinga COVID-faraldursins eins og stefnt var að og með sama hætti og íþróttafélög. Þetta er í andstöðu við það markmið sem kynnt var við kynningu á greiðslu til íþrótt- og æskulýðsfélaga með fréttatilkynningu 31. október sl. en þar kom skýrt fram að stuðningurinn átti að vera fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf en frumvarp það sem nú liggur fyrir tekur ekki til starfsemi æskulýðsfélaga.

Íþrótt- og æskulýðsfélög gegna mikilvægu hlutverki, s.s. í samhengi við íslenska forvarnarmódelið sem bætt hefur íslenskt samfélag með stórkostlegum hætti síðastliðna áratugi. Íþrótt- og æskulýðsfélög starfa eftir lögum og tryggja börnum skipulagt starf. Stuðningur við starf æskulýðsfélaga er því mikilvægt með sama hætti og stuðningur við starf íþróttafélaga.

Við þessa framsetningu frumvarpsins eins og það er nú geta því aðildarfélag UMFÍ sótt um greiðslur vegna launakostnaðar en ekki landssamtökin. Rétt er að undirstrika að UMFÍ er sérstaklega getið í íþróttalögum en starfar jafnframt eftir æskulýðslögum.

Í núverandi mynd frumvarpsins sem hér er um ræðir getur UMFÍ ekki, sem dæmi, sótt um styrk vegna starfsmanna sem starfa í ungmennabúðum samtakanna á Laugarvatni. Öll starfsemi þar hefur legið niðri frá því í byrjun október. Þessir starfsmenn voru á hlutabótaleið í vor en sú leið lokaði í júní fyrir félagasamtök og er því ekki hægt að nýta hana lengur. Staðan er því orðin verri en í vor. Þetta er kannski ekki stærsta áhersluatriðið í heildarmyndinni en fyrir sveitarfélagið Bláskógabyggð og Laugarvatn munar svo sannarlega um að þessir starfsmenn séu á launaskrá enda atvinnuleysi á þessu svæði með því hæsta á landinu sem afleiðing af Covid-heimsfaraldrinum.

UMFÍ leggur því til 1. tl. 1. mgr. 3. gr. hljóði svo:


„Félag: Lögaðili sem er aðili að samtökum íþrótt- og æskulýðsfélaga, nánar tiltekið samtaka sem standa fyrir skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og falla undir samninga við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Frumvarpið nær þannig til samtakanna sjálfra, þ.e. ÍSÍ, UMFÍ, BÍS, KFUM&K, sambandsaðila þeirra og aðildarfélaga.“

Tíminn er mikilvægur

Mikilvægt er að ferlið fyrir einstaklinga innan íþróttá- og æskulýðsfélaga til að sækja um stuðning vegna launagreiðslna sé einfalt. Stjórnendur félaga eru þegar störfum hlaðnir. Fáir einstaklingar eru á launaskrá minni félaga og fellur það í skaut sjálfbóðaliða að ganga í flest störf, m.a. að gera umsóknir um styrk vegna launagreiðslna.

UMFÍ leggur áherslu á að frumvarpið verði unnið fljótt og vel og nái til sem flestra. Staðan er orðin slæm hjá mörgum félögum. Sum þeirra réðu við launagreiðslur og önnur regluleg útgjöld um síðustu mánaðamót. Önnur áttu erfitt með það. Af samræðum við stjórnendur félaga síðustu daga er ljóst að félögin eru á síðustu metrunum í þessu langhlaupi og munu sum þeirra eiga í erfiðleikum með að ná í mark um næstu mánaðamót. Það verður því að kasta björgunarhringnum út eins fljótt og hægt er.

Á þessari mynd hér fyrir neðan sem tekin er út úr NORA-skráningarkerfinu 10. desember 2020 má sjá að félögin eru að takast á við ýmsar sviðsmyndir. Þessi mynd sýnir 15 aðildarfélög UMFÍ og samdrátt í heildarumfangi æfingagjalda. Samdrátturinn nemur rúmum 500 m.kr frá því í fyrra hjá þessum félögum. Þá skal einnig tekið fram að þessi æfingagjöld á eftir að innheimta. Aðeins er þarna um að ræða skráningar. Af þeim sökum er viðbúið að samdrátturinn verði enn meiri, þ.e. ef æfingagjöldin skila sér ekki til félaganna. Þá á eftir að taka tillit til þess að félögin komi til móts við forráðamenn iðkenda fyrir þann tíma sem æfingar voru ekki leyfðar. Einnig er mikilvægt að fram komi að tekjuliðurinn æfingagjöld er einungis einn af tekjuliðum félaganna. Aðrir tekjuliðir eru m.a. fólgnir í styrktarsamningum við fyrirtæki, sem samkvæmt forráðamönnum félaganna eru einnig í frjálsum falli.



UMFÍ tók saman [Minnisblað með tillögum að aðgerðum í vörn og sókn](#) og gaf það út í tengslum við sambandsráðsfund UMFÍ í október. Ánægjulegt er að nokkrar af þeim aðgerðum sem þar eru taldar nauðsynlegar birtast einmitt í frumvarpinu sem hér er til umsagnar ásamt fleiri aðgerðum til viðbótar, s.s. þeim ætlað er að koma til móts við tekjufall félaganna.



Stuðningur vegna tekjufalls

Ein aðgerð til viðbótar af þeim þremur sem ríkisstjórnin kynnti í lok októberber var stuðningur við íþrótt- og æskulýðsfélög vegna tekjufalls. Sú aðgerð er til vinnslu í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Eins og sá stuðningur lítur út í dag þá er gert ráð fyrir að hann nái til loka september. Nú eru tveir mánuðir síðan þeim mánuði lauk og hefur lítið gerst til að styðja við tekjufallið eftir að sú aðgerð á að hafa runnið sitt skeið. Mörg félög hafa áfram orðið fyrir verulegu og allt að því algjöru tekjufalli af eigin tekjuöflun frá 1. október sl. og ekki er útlit fyrir annað en það standi áfram fram á árið 2021. Því er mjög mikilvægt að stuðningur vegna tekjufalls nái til ársloka 2020 og upphæðirnar til úthlutunar myndu taka mið af því að um lengra tímabil væri að ræða.

Aðkallandi er að styðja við starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélaga, sérstaklega svo þau geti mætt fjölmörgum og síbreytilegum þörfum samfélagsins, iðkenda og forráðamanna þeirra um allt land.

Enn er margt ógert. Miðað við skráningar í skráningakerfi NORA nú í haust þá eru sem dæmi 1,4% þeirra iðkenda sem eru á skrá félaganna af erlendum uppruna. Til samanburðar eru börn af erlendum uppruna um einn tíundi hluti af heildarfjölda allra íbúa á Íslandi (miðað við gögn Hagstofunnar). Ef íþrótt- og æskulýðsstarf á að mæta þörfum þessa eina hóps þá þarf að gefa í. En til þess að það verði mögulegt þá þurfa félögin að hafa burði til þess – í það minnsta að eiga möguleika á því – að komast úr þeim bugandi aðstæðum sem þau eru nú í.

Þá má í tengslum við þetta minnst á að UMFÍ sendi inn umsögn við fjármálafrumvarpið þar sem ljóst er að málaflokkurinn Íþróttir- og æskulýðsstarf er skorinn niður á milli ára og útlit fyrir að svo verði áfram í fimm ára fjármálaáætluninni. Að mati UMFÍ er það á skjön við þarfir félaganna og samfélagsins um enn öflugra íþrótt- og æskulýðsstarf. Þetta hefur jafnframt fengist staðfest í samtölum við starfsfólk mennta- og menningarmálaráðuneytis. Raunin er að þetta er einn af minnstu málaflökum fjármálafrumvarpsins. Hver króna í íþrótt- og æskulýðsmálum skiptir máli.


Snúum bökum saman fyrir samfélagið

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru rúmlega 400 félög innan UMFÍ en þeim fjölgaði verulega árið 2019 þegar íþróttbandalag Reykjavíkur, Akureyrar og Akraness fengu aðild að samtökunum.

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og til þess að aðstoða þingmenn á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

UMFÍ mælir með því að frumvarpið verði samþykkt, með þeim viðbótum og tillögum sem hér hafa verið nefndar.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ

audur@umfi.is

s. 540 2900 / 861 8990